# Að lesa úr miklum tölum
(At udtale et stort Tal) —

Þegar lesa skal úr stórri tölu, eða mörgum tölum, þá er haganlegt að skipta þeim í flokka með litlu striki að ofanverðu við tölurnar. Flokkunina byrjar maður að aftanverðu, og tekur 3. tölur inn í hvern flokk. Aptasti tölustafur í fyrsta flokki til hægri handar telur einingar; næsti telur tugi og sá þriðji hundrað. Aptasti stafur í öðrum flokki, frá hægri hendi eða fjórði stafur að aptan, telur þúsundir, eða einingar þúsunda, önnur tala í 2 flokki tugi þúsunda, og 3ji hundrað þúsunda. Aptasta tala í 3ja flokki, eða 7di stafur frá endanum telur milljónir, eða einingar milljóna, sá næsti þar framan tugi milljóna, og sá 3ji tölustafur í 3ja flokki hundrað mill.. Síðasti stafur í 4a flokki telur þúsundir mill., og þá hundrað þúsunda mill.. Síðasti stafur í 5ta flokki telur einingar tvímilljóna (Billíón) o.s.f.. Milljónastafinn er bezt að merkja með því, að setja strik fyrir ofan hann, og tvímilljóna með tveimur strikum (''). — Dæmi: —

346,932,067,345,693,212,905. er. 346 þrímilljónir (Trillijónir) 932 þúsund, 67 tvímilljónir, 345 þúsund, 693 milljónir, 212 þúsund, 9 hundruð og 5. —

## Samlagning (Addition) —

Kennir, hvernig finna skuli eina tölu (Summa. Sum), sem sje jöfn öllum þeim gefnum tölum. (addenda Addender). Merkið sem táknar, að tölur skuli leggjast saman er + (plús), og er það sett í